

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1994

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar voru suðaustlægar, norðan og norðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 6.6 stig, 18. janúar. Lágmarkshiti var -17.0 stig, 24. janúar. Meðalhiti í janúar var -4.4 stig. Meðalsnjódýpt var 52 cm., mest 74 cm., 30. janúar. Úrkomumagn í janúar var 137.8 mm. Meðalvindhraði 5.4 hnútar.

Í febrúar voru sunnanáttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 7.3 stig, 11. febrúar. Lágmarkshiti var -15.3 stig, 27. febrúar. Meðalhiti var -2.0 stig í febrúar. Meðalsnjódýpt í febrúar var 52 cm., mest 66 cm., 14. febrúar. Úrkomumagn í febrúar var 28.8 mm. Meðalvindhraði var 4.9 hnútar. Fólk vaknaði við jarðskjálfta kl. 3.30 þann 8. febrúar. Hurðir glömrðu og högg fundust inni í húsum.

Í mars voru breytilegar áttir, suðlægar og norðlægar á víxl. Hámarkshiti mældist 7.7 stig, 28. mars. Lágmarkshiti mældist -14.9 stig, 20. mars. Meðalhiti í mars var -3.5 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 56 cm., mest 76 cm., 16. mars. Úrkoma í mars var 67.4 mm. Meðalvindhraði var 4.9 hnútar.

Í apríl bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 10.2 stig, 14. apríl. Lágmarkshiti mældist -10.9 stig, 29. apríl. Meðalhiti í apríl var -0.5 stig. Meðalsnjódýpt var 66 cm. í apríl, mest 85 cm., 4., 5. og 6. apríl. Úrkoma í apríl mældist 72.4 mm. Meðalvindhraði var 4.4 hnútar. Gæsir sáust. 5. apríl. Þrestir komu 11. apríl. Svanir sáust 15. apríl. Lóan og stelkurinn komu 26. apríl.

Í maí bar mest á suðlægum og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 13.6 stig, 28. maí. Lágmarkshiti mældist -3.3 stig, 18. maí. Meðalhiti í maí var 5.6 stig. Snjór mældist á jörðu í 28 daga í maí, mest 51 cm., 1. maí. Úrkomumagn í maí 19 mm. Meðalvindhraði var 4.3 hnútar. Hrossagaukar komu 1. maí. Maríuerla kom 4. maí. Spói kom 9. maí. Brum á lerki farið að þrútna 16. maí, með grænan lit 21. maí og talið hálfútsprungið 29. maí. Birki farið að þrútna 17. maí. Tún í Fnjóskadal farin að grænka 21. maí.

Í júní voru norðlægar áttir tíðastar og gránaði í fjöll fram til 25. júní og snjóaði í byggð í byrjun júní. Hámarkshiti mældist 18.8 stig, 11. júní. Lágmarkshiti mældist -0.4 stig, 2. júní. Meðalhiti í júní var 6.9 stig. Úrkomumagn í júní var 46.1 mm. Meðalvindhraði var 5.2 hnútar. Lerki orðið algrænt 10. júní. Birki talið allaufgað 17. júní. Tún í Fnjóskadal algræn 6. júní og úthagi farinn að grænka 10. júní og orðinn algrænn 28. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 24.1 stig, 6. júlí. Lágmarkshiti mældist 2.1 stig, 24. júlí. Meðalhiti í júlí var 12.3 stig. Úrkomumagn í júlí var 39.2 mm. Meðalvindhraði var 5.0 hnútar í júlí.

Í ágúst voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 21.3 stig, 6. ágúst. Lágmarkshiti mældist -0.5 stig, 30. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 10.1 stig. Úrkomumagn í ágúst var 41.7 mm. Meðalvindhraði var 4.8 hnútar í ágúst. Stöku grein á birki farin að gulna 16. ágúst.

Í september voru suðaustan og norðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 17.3 stig, 3 september. Lágmarkshiti mældist -8.2 stig, 29. september. Meðalhiti í september var 4.3 stig. Úrkomumagn í september var 18.6 mm. Meðalvindhraði í september var 4.3 hnútar. Gulnun á birki all áberandi 5. september og mikið gulnað 20. september. Lauffall byrjar á birki 25. september. Lerki algult 24. september. Gránaði í fjöll 11. og 13. september.

Í október bar mest á suðlægum og norðlægum áttum, þó nokkuð væri um logn og hæga vinda þennan mánuð. Hámarkshiti mældist 12.1 stig, 5. október. Lágmarkshiti mældist -11.1 stig, 16. og 17. október. Meðalhiti í október var 0.0 stig. Snjór mældist í 20 daga í október mest 31 cm., 31. október. Úrkomumagn í október var 110.6 mm. Meðalvindhraði 3.5 hnútar. Mikið lauffall á birki 4. október og orðið að mestu laufflaust 6. október. Lerki mikið gulnað og að mestu barrlaust 7. október. Tún farin að sölna 8. október.

Í nóvember voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 8.9 stig, 26. nóvember. Lágmarkshiti mældist -11.1 stig, 18. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -0.3 stig. Meðalsnjódýpt í nóvember var 22 cm., mest 40 cm., 3. nóvember. Úrkomumagn í nóvember var 91.8 mm. Meðalvindhraði var 5.5 hnútar í nóvember.

Í desember voru suðlægar áttir tíðastar, þó nokkuð bæri á norðanátt. Hámarkshiti mældist 8.9 stig, 2. og 22. desember. Lágmarkshiti mældist -15.3 stig, 31. desember. Meðalhiti í desember var -3.1 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 21 cm., mest 64 cm. 28. desember. Úrkomumagn í desember var 130.1 mm. Meðalvindhraði var 5.4 hnútar í desember.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1994

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-4.4	(-6.1)	137.8	(106.2)
Febrúar	-2.0	(-0.8)	28.8	(35.9)
Mars	-3.5	(-0.3)	67.4	(41.5)
Apríl	-0.5	(1.8)	72.4	(27.1)
Maí	5.6	(4.5)	19.0	(65.7)
Júní	6.9	(7.5)	46.1	(73.6)
Júlí	12.3	(7.0)	39.2	(39.8)
Ágúst	10.1	(8.5)	41.7	(44.6)
September	4.3	(7.5)	18.6	(14.9)
Október	0.0	(2.3)	110.6	(11.1)
Nóvember	-0.3	(3.2)	91.8	(10.8)
Desember	-3.1	(-4.7)	130.1	(134.5)
	2.12	(2.54)	803.5	(605.7)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1993

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní-september var 8.40 stig, en var 7.63 stig sömu mánuði 1993.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10.5	-2.5	25.5	-1.8	11.9	-1.5
13.5	-0.4	2.6	-1.0	12.9	-7.4
14.5	-2.6	3.6	-0.7	13.9	-4.6
15.5	-3.2	16.6	-1.8	14.9	-7.3
16.5	-4.2	12.8	-0.3	15.9	-2.3
17.5	-2.6	29.8	-1.2	16.9	-0.4
18.5	-5.0	30.8	-1.6	17.9	-4.6
19.5	-2.5	5.9	-0.8		

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

4.7	21.0	3.8	20.5
5.7	20.6	5.8	21.1
6.7	24.1	6.8	21.3
7.7	22.9	7.8	20.8

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Birki farið að þrútna 17. maí og talið allaufgað 17. júní. Lerki farið að þrútna 16. maí, komið með grænan lit 21. maí, talið hálfútsprungið 29. maí og orðið algrænt 10. júní. Birki farið að gulna 5. sept. og orðið mikið gult 20. sept.. Lauffall byrjað á birki 25. sept.. Mikið lauffall var 4. okt. og að mestu lauflaust 6. okt.. Lerki algult 24. sept. og að mestu barrlaust 7. okt.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var í góðu meðallagi og sumstaðar mjög góður. Sprotar á greni mældust sumstaðar upp í 50 cm.

2.3. Fræfall

Fræfall var lítið sem ekkert þetta ár. Aðeins fannst fræ á einstaka birkitré og var það misgott.

2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki áberandi þetta ár, en vegna frosta í september gætu komið fram skaðar næsta vor.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var aðeins færri en síðustu ár. Ráðskona var Birna Davíðsdóttir. Verkstjórar voru eins og áður Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf. Annað fast starfsfólk voru að mestu bændur og unglingar úr nærliggjandi sveitum. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 17.436.163, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 1.725.792. Dagpeningar kr. 139.350. Akstur kr. 482.058 og ASÍ laun kr. 15.088.963.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var mikið þetta ár. Mest var viðhald á Þórðarstaðagirðingu vegna þess að einangrar á rafgirðingu gáfu sig. Síðan voru miklar skemmdir á girðingum á Sigríðarstöðum, Skuggabjörgum, Vaglaskógi og Sandhaugum, en ekki var lokið við að gera endanlega við þá girðingu þetta árið. Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 536.635, samtals 1.116 vinnust. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 137.613, samtals 255 vinnust., þar af mest v/Þórðarstaðagirð. kr. 95.961, alls 167 vinnust.

Í Vagla og Hálsgirðingu fóru 109 tréstaumar, 6 feta og 13 járnstaumar.

Í Skuggabjargagirðingu fóru 23 tréstaumar, 6 feta.

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 23 tréstaumar, 6 feta, 28 rafgirðingarstaumar og 2.250 einangrar.

Í Sigríðarstaðagirðingu fóru 10 tréstaumar, 6 feta.

Í Sandhaugagirðingu fóru 11 tréstaumar, 6 feta.

Í Grundargirðingu fóru 3 tréstaumar, 6 feta.

Í Kristnesgirðingu fóru 57 tréstaumar, 6 feta.

Í Vatnsbólsgirðingu á Vöglum fóru 20 tréstaumar, 6 feta og 2 hornstaumar.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar þetta árið, aðeins lokið við að girða í giljum í Þórðarstaðagirðingu sem eftir var frá síðasta ári.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór að mestu fram í Vaglaskógi og Sigríðarstaðaskógi. Lítilsháttar var unnið við skógarhögg í Þórðarstaðaskógi, Kristnesi og Mela- og Skuggabjargarskógi.

Felldur viður:

Birki	ca.	80,0 tonn
Lerki	ca.	5,0 tonn
Stafafura	ca.	1,0 tonn
Annað	ca.	1,0 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Seldir voru 40 staurar 5 fet og 8 staurar 6 fet.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	2.309	pk.
Arinviður litlir	56	pk.
Smíðaviður	102,7	m.
Reykingarviður	2.200	kg.
Birkikurl/Flís	3.250	kg.
Plattar	5.351	stk.

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	688	pk.
Arinviður litlir	320	pk.
Smíðaviður	407	m.
Birkikurl/Flís	1.000	kg.
Plattar	2.082	stk.
Staurar 5 fet	575	stk.
Staurar 6 fet	700	stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.684, og laun og launatengd gjöld kr. 1.401.304.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 7. nóvember. Tíðarfar var sæmilegt en þó var kominn nokkur snjór. Alls voru felld 1.614 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	
Samtals					
Fellsskógur	794		116	192	1,102
Vaglaskógur	176	29			205
Þórðarstaðaskógur	59		30		89
Kristnes	1		48		49
Ásbyrgi	51		6		57
Reykjarhóll	10	62	8		80
Vaglíř Þelamörk		32			32
Alls	1,091	123	208	192	1,614

Seld tré:

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
070-100	116	8	27	15	166
101-125	253	32	76	40	401
126-150	303	32	52	49	436
151-175	238	22	31	33	324
176-200	88	3	8	10	109
201-250	42		2	4	48
251-300	8	1		2	11
301-400	8			1	9
401-500	2				2
501-600	3				3
Alls	1.061	98	196	154	1.509

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 775.976, alls 1.378 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 31.912 alls kr. 807.888.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	1.868.949		1.868.949
Innfl. og ísl. greinar	77.670	29.036	48.634
Alls	1.946.619	29.036	1.917.583

6. GRÓÐRARSTÖÐ.**6.1. Fræplöntur.**

Sáð var rússalerki í hús no. I, 17.-18. maí og í hluta af húsi no. II var sáð blágreni, sitkabastarði, stafafuru, fjallapin, mýrarlerki og túnbirki 16. júní og í flúðahús óupphitað var sáð birki og sitkaöl 18. júní.

Sáð var birki, blágreni, mýrarlerki, rússalerki, sitkabastarði, sitkaelri, stafafuru og túnbirki í FP40, alls 3.821 bakka og rússalerki í FP60, alls 1.097 bakka. Fjallapin var sáð í sáðbakka og prikklað í FP35, alls 280 bakka.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 40.944 græðlingum í beð og 71.085 í FP35 bakka.

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2.891.734 og afhentir styrkir fyrir kr. 170.386. Garðplöntur í eigin skóglendi kr. 34.813. Stungið var 10.080 sumargræðlingum og pottaðar 6.364 plöntur. Seldar og afhentar voru 35.705 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 53.905 plöntur 1995

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 230.648 plöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	2.099.295
Millifærslur og styrkir	3.810.896
Afh. í eigin skóglendi	1.172.947
Alls	7.083.138

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöðvunum og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Ekki voru neinar nýframkvæmdir í gróðrarstöðvunum þetta ár, aðeins eðlilegt viðhald. Fræræktin sem byrjað var á 1993, þarf nú stærra pláss og tekur nú um helming af húsi nr. II. Þröstur Eysteinnsson hefur áfram umsjón með verkefninu og læt ég honum eftir að skýra frá því

6.8. Kostnaður.

Laugabrekka

	Kr.	Vinnust.
Plöntuuppeldi almennt	709.214	1.363
Skógplöntur	33.344	72
Fjölpottaplöntur	219.887	461
Garðplöntur	493.485	933
Alls	1.455.930	2.829

Vaglir

Plöntuuppeldi almennt	120.434	217
Verkstjórn	957.870	1.544
Frídagavaktir	126.945	121
Ræktunarbúnaður	15.702	31
Umhirða almennt	22.758	45
Jarðarbætur	4.804	9
Vetrarumbúnaður alm.	4.690	9
Skógplöntur alm.	24.995	45
Sáning skógplantna	3.293	3
Uppt.,meðf.,afgr. skógpl.	47.413	104
Fjölpottar alm.	124.985	280
Hreinsun bakka	89.888	169
Moldarfylling	187.014	359
Sáning fjölp.	81.248	184
Grisjun fjölp.	285.691	689
Umhirða fjölp.	180.868	405
Afh. fjölp.	232.732	517
Vetrarumb. fjölp.	43.221	83
Garðplöntur alm.	122.650	251
Stiklingar útiræktun	92.634	219
Stiklingar inniræktun	268.968	521
Garðplöntur beðplöntur	158.368	336
Garðplöntur pottaplöntur	997.052	2.078
Hnausplöntur	11.082	21
Sala garðpl.	174.563	250
Vetrarumb. garðpl.	40.216	69
Alls	4.420.084	8.559

Samtals Laugabrekka og Vaglir 5.876.014 11.388

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yrir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar v/leiga	Birki pt.				25	Presti
	Ílmreynir pt.				40	afh. þessar
	Alaskavíðir		brúnn		15	plöntur
	Körfuvíðir				168	
					248	
Vagfir Þelam.	Rússalerki	2/0	Östeg	920002	8.240	24,26,210,218 221,225,226.
	Rússalerki	3/0	Pinega	900014	2.800	26,184A,191- 194.
					11.040	
Skuggabjörg	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	5.565	
	Stafafura	4/0	Taraldsøy	900004	1.000	
	Stafafura	4/0	B.lake	900003	640	
					7.205	
Vaglaskógur	Lindifura		Altai	C-105	100	108
	Lindifura		Altai	C-104	120	108
	Rússalerki	2/0	Östeg	920002	8.537	Gömlu Hálsmel
	Rússalerki	2/0	Imatra	900007	1.990	" "
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	920	" "
	Rússalerki	3/0	Pinega	900014	920	" "
	Fjallapínur	2/0	Kootenai	910006	9.780	305,309,320.
					22.367	
Reykjarhóll	Birki	2/0	Fagrahl.		605	
	Birki		M.Hall		260	
	Rússalerki	2/0	Östeg	920002	460	
	Rússalerki	3/0	Pinega	900014	300	
	Al.ösp	1/0			90	
					1.715	
Reykjarhóll v/heitt vatn	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	500	
Grundarreitur	Blágreini	2/0	R.Grande	910007	40	Sunnan
	Hvítgreini	2/0	Homer	920006	80	við gamla
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	200	reit
	Stafafura	4/0	B. lake	900003	80	
					400	
					Alls 43.475	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 312.459. Alls 717 vinnustundir.

8. HRIDING PLANTNA

Unnið var við grisjun og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum.

Vaglaskógur	104 tímar	kr.	50.830
Fellsskógur	270 tímar	kr.	155.245
Reykjarhóll	90 tímar	kr.	47.320

9. BYGGINGAR

Gert var við steypuskemmdir, glugga og hurðir á íbúðarhúsinu að Vöglum I og það undirbúið undir málningu að utan, sem áætlað er að gera 1995. Í skógarvarðarbústað á Vöglum II var lagt parket á svefnherbergi og innri gang. Lagt var parket á borðstofu og setustofu í starfsmannahúsi á Furuvöllum. Í skemmu í Vaglaskógi var gerð sér aðstaða fyrir skógarhöggsverkfæri. Aðrar framkvæmdir við byggingar var aðeins eðlilegt viðhald og ekki í stórum stíl.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Unnið var töluvert við að lagfæra útlit á dráttarvélum og tækjum þetta ár. Lapplander bifreiðin Þ-4472 var seld og ný bifreið keypt af gerðinni Toyota Hiace, PH-604, sem er sendibifreið og getur tekið 5 farþega. Þessi bifreið var afhent 5. maí en Lapplander bifreiðin var lánuð til Tumastaða og ekki seld fyrr en að hausti. Aðrar framkvæmdir við vélar og verkfæri voru aðeins eðlilegt viðhald.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi
----------	-------	-------	-----	--------

Skagafjörður:

Egilsá	Alaskaösp	1/0	venjuleg		4.060
	Hvítgreni	2/0	Homer	920006	2.850
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	1.000
	Sitkabast.	2/0	Seward	910004	1.000
					8.910

Kúskerpi	Birki	2/0	Hrafnagil	890021	600
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	7.500
					8.100

Silfrastaðir	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	17.707
--------------	------------	-----	---------	--------	---------------

S-Þing.:

Breiðamyri	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	2.000
------------	------------	-----	---------	--------	--------------

Breiðanes	Hvítgreni	3/0	Anchorage	880031	2.750
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	2.208
					4.958

Hrafnstaðir	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	4.000
-------------	------------	-----	---------	--------	--------------

Jódísarstaðir	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	6.000
---------------	------------	-----	---------	--------	--------------

Kárhóll	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	7.232
---------	------------	-----	---------	--------	--------------

Laugaból	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	3.173
----------	------------	-----	---------	--------	--------------

Laugafell	Alaskaösp	1/0	venjuleg		155
	Hvítgreni	2/0	Homer	920006	600
	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	2.160
					2.915

Lindarhlíð	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	2.500
------------	------------	-----	---------	--------	--------------

Narfastaðir	Rússalerki	1/0	Kärkölä	930024	6.000
-------------	------------	-----	---------	--------	--------------

Alls 73.495

Nytjaskógrækt var með sama hætti og síðustu ár. Umsjón með framkvæmd í Eyjafirði var í höndum Skf. Eyfirðinga og komu plöntur í verkefnið að mestu þaðan líka, aðeins lítilsháttar frá Gróðrarstöðinni Grísará. Starfsmaður við verkefnið var Helgi Þórsson. Í S-Þingeyjarsýslu hafði Friðgeir Jónsson umsjón með verkefninu. Áætlanadeild sá um áætlanagerð, en um mitt sumar var ráðinn skógræktarráðunautur á Norðurlandi,

Brynjar Skúlason og tók hann við úttektum og áætlanagerð við verkefni á Norðurlandi. Ég býð hann velkominn til starfa og vænti góðs samstarfs með honum.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Ekki ætla ég að telja upp allar ferðir og fundi sem skógarvörður fór og sat á árið 1994. Þetta var mjög svipað og síðustu ár, en þó skal hér sumt upp talið. Skógarvörður sat alla fundi, sem haldnir voru í nytjaskóganefndum á Norðurlandi og voru þeir með svipuðum hætti og síðustu ár. Farnar voru ferðir um umdæmið og fólk heimsótt og því leiðbeint og síðan var litið eftir eins og tími gafst til. Skógarvörður fór með nýráðnum skógræktarráðunaut, Brynjari Skúlasyni, um umdæmið og kynnti honum þau verkefni og skóglendi, sem okkur tilheyrir og kynnti hann fyrir samstarfsfólki eftir bestu getu. Skógarvörður fór ennfremur með upplýsingafulltrúa, Ólafi Oddssyni, um skóglendi S.R. á Norðurlandi allflest og upplýsti hann um þau. Skógarvörður sat starfsmannafundi S.R., aðalfund Skf. Íslands, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri, aðalfundi Skf. Eyfirðinga og Skf. S-Þing. og ýmsar kynningar og samráðsfundi með skógræktarfélagum og fleirum. Skógarvörður fór til Noregs á fund N.S.U 11. júní ásamt Böðvari Guðmundssyni. Ferðalagið byrjaði með dvöl í Osló í 2 daga, sem notaðir voru til skoðunarferða og heimsóknar á verkstæði Jonsered. Síðan var farið með lest til Otta þar sem ferðalag hófst sem hafði þemað "Skógrækt við ísbreiðuna". Sú ferð tók 3 daga og endaði í Lillehammer, 4 dagurinn var notaður til sameiginlegs fundar með öðrum þátttakendum. Síðan var haldið til Oslóar. Ferðalag þetta tók alls 7 daga.

12.2. Ferðafólk

Telja má að aðsókn ferðafólks hafi verið í meðallagi þetta árið. Tjaldsvæðið í Vaglaskógi var opnað 10. júní. Nokkur umræða varð um tjaldsvæðið í Vaglaskógi fyrir verslunarmannahelgina vegna mikils viðbúnaðar starfsmanna, sem beindist að því, að aðeins fjölskyldufólk og þeir sem virtu þær reglur sem í gildi eru, væru virtar. Þetta varð til þess að heldur færri fólk kom í skóginn þessa helgi, en allt gekk mjög vel og er það breyting frá fyrri árum. Þakka má þetta nýrri aðkeyrslu í skóginn, sem nú er um nýja brú við Hróarsstaði, sem býður upp á að takmarka umferð um nætur.

Björgunarsveitin Þingey og lögreglan á Húsavík aðstoðuðu starfsmenn S.R. við þetta starf, og er það þakkað hér með. Mikil aukning hefur verið á þjónustu við ferðamenn í skóglendunum, þá sérstaklega í Vaglaskógi og Reykjarhóli í Skagafirði og þarf því að taka tillit til þess í fjárveitingum næstu ára, því aðstaðan er ekki góð. Samstarfið við Skeljung "Opnun skóganna" hefur þó bætt nokkuð úr, en betur má ef duga skal.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 10.148, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 836, í júlí 6.577 og í ágúst 2.735.

Tekjur af útivistarsvæði var kr. 1.943.212. Laun og launatengd gjöld kr. 711.625, alls 1.057 vinnust. Annar kostnaður kr. 325.870.

12.4. Annað

Opinn dagur var í Vaglaskógi 9. júlí og tókst hann mjög vel. Um 700 gestir komu í heimsókn og þáðu veitingar og upplýsingar í boði S.R. og Skeljungs. Grundarreitur var opnaður formlega 20. ágúst af Aðalsteinu Magnúsdóttur, húsfreyju á Grund. Viðstaddir voru m.a. landbúnaðarráðherra, skógræktarstjóri núverandi og fyrrverandi og sveitarstjórnarmenn í Eyjafjarðarsveit. Nokkrir gestir frá skógstjórninni í Nordland

í Noregi, komu í fylgd Sigurðar Blöndal í Vaglaskóg 31. júlí, skoðuðu sig um og þáðu veitingar. Hópur gróðrarstöðvarfólks frá Norðurlöndunum og Íslandi komu við 21. ágúst, á leið sinni frá Akureyri til Hallormsstaðar og skoðuðu sig um í gróðrarstöðinni og nágrenni hennar og þáðu léttan hádegisverð að því loknu. Eins og áður hefur komið fram er mikið er um að hópar og einstaklingar hafi viðdvöl í Vaglaskógi og er því mjög aðkallandi að bæta aðstöðu fyrir móttöku ferðamanna með byggingu þjónustumiðstöðvar eins og er á flestum nútíma ferðamannastöðum og fram hefur komið í síðustu ársskýrslum.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki fyrir góða samvinnu 1994.

Í október 1995

Sigurður Skúlason, skógarvörður